

4. fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

Fjórði fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 26. ágúst 2018 kl 20:30 í Hvítárdal.

Nefndarmenn mættir: Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir skrifaði fundargerð og Benedikt Kristinn Ólafsson.

Jón Bjarnason nýráðinn fjallkóngur og Þorsteinn Loftsson sátu einnig fundinn.

Dagskrá fundarins:

1. Vinnuferð:

- a. Egill Jóhannsson er búinn að yfirfara Sandártungugerðið.
- b. Búið er að finna lausn á vatnsmálum á afréttinum.
- c. Farið var í vinnuferð inn á afrétt þriðjudaginn 21. ágúst sl. Þeir sem mættu voru Benedikt, Björgvin, Steinunn og Eiríkur og Unnsteinn. Leiðin lá inn í Ólagerði þar sem gerðið var lagað eftir hrossaátroðning. Girðingin sett upp við Rauðá. Setja þarf upp slöngukefli, keðju og talnalás á Ólagerði, Dóragerði, Miklöldubotna og Stangárbotnsgerði (þarf að vera klárt fyrir eftirsafnið). Girðing sett upp á Merarskeiði. Endað á Stangárbotnsgerði og vatnstankar lagaðir.

2. Raðað í leitir

- a. Allir bændur eru búnir að senda inn nöfn og óskir um leit fyrir sína smala.
- b. Smölum raðað niður í leitir: suðurleit, norðurleit og eftirsafn.
 - i. Allir fengu sínar óskir uppfylltar

3. Matarmál

- c. Matarmál síðustu ár hafa verið til fyrirmyndar.
- d. Morgunmatur þarf að vera tilbúinn í tæka tíð á morgnana, áður en fjallmenn fara af stað út í daginn. Hann þarf að vera aðgengilegur. Fjallmenn smyrji sér nesti af morgunverðarborði fyrir daginn.
- e. Bæta kókomjólk/söfum og súkkulaðistykki í nestispakkana.
- f. Bjóða upp á mjólk með kvöldmatnum.

4. Önnur mál:

- g. Finna til sjúkrakassa fyrir hross og menn. Hver trúss verði með einn sjúkrakassa.
- h. Athuga með skilamenn í Skeiðaréttum, Tungnaréttum og Skaftholtsréttum.
- i. Vestismál: Finna fyrirtæki sem selur almennileg vesti sem bændur geta keypt fyrir fjallmennina sína.
- j. Setja auglýsingu í Héraðsblöðin um réttir og hugsanlegar lokanir/tafir á vegum.

Fundi slitið 23:33